

115. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 30. mars 2015 kl. 16.30, í Fjölheimum

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Magðalena Jónsdóttir, Elín Einaradóttir, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, frkv.stj.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla 2014

Frkv.stj. fylgdi skýrslunni úr hlaði. Hún er nánast komin í endanlegt form og er sett upp á sama hátt og undanfarið. Óvenjumargt starfsfólk var á mála hjá FSS á árinu, en það skýrist fyrst og fremst af breytingum á starfsmannahaldi en ekki af fjölgun stöðugilda. Helstu rekstrarniðurstöður úr rekstrareikningi: Tekjur 164.071.783. Gjöld 160.880.819. Tekjur umfram gjöld tæpar 3,2 milljónir og rekstrarhagnaður að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda tæpar 4,5 milljónir. Heldur færri námskeið voru haldin á árinu en árið á undan en fjöldi námsmanna og nemendastundir á móti nokkuð fleiri. Viðtöl námsráðgjafa hafa aldrei verið fleiri, eða 738 talsins. Alls eru konur rúmlega 70% útskrifaðra námsmanna, sem er í samræmi við það sem víðast gerist í fullorðinsfræðslu. Á árinu lauk raunfærnimati í þremur greinum; matartækni, skrifstofufærni og verslunarfagnámi. Starfsfólk sótti fjölmörg námskeið og ráðstefnur á árinu og skýrslan í heild ber með sér að Fræðslunetið er í örum vexti. Stjórn þakkar góða skýrslu og samþykkir skýrsludrögin eins og þau liggja fyrir.

2. Ársreikningur 2014

Niðurstaða rekstrarreiknings er 4.453.787. Laun og launatengd gjöld hækka um 14,5 milljónir milli ára, húsnæðiskostnaður um 4 milljónir og annar kostnaður um tæpar 8 milljónir. Húsaleiga í Fjölheimum hefur hækkað og mun enn hækka á næsta ári um 2 milljónir. Rekstrartekjur (framlög frá ríki, FA og námskeiðsgjöld) hafa aukist um 42 milljónir milli ára, sem er meira en dæmi eru um fyrr. Skv. efnahagsreikningi er niðurstaðan eignir upp á rúmlega 72,5 milljónir sem er hækkun um tæpar 2 milljónir. Stjórn lýsir yfir mikilli ánægju með að tekist hafi að skila

rekstrinum með jákvæðri niðurstöðu á þessu stærsta rekstrarári Fræðslunetsins frá upphafi og þakkar framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir sín góðu störf.

3. Starfsáætlun 2015

Nýir starfsmenn hafa tekið við í Vestur-Skaftafellssýslu og fer starf þeirra vel af stað. Raket Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri Fjölmenntar, hættir störfum í vor og í hennar stað hefur verið ráðin Lilja Össurardóttir. Stjórn þakkar ítarlega og lýsandi starfsáætlun og samþykkir hana fyrir sitt leyti.

4. Rekstraráætlun 2015

Gert er ráð fyrir 174 milljónum í tekjur sem er 10 milljóna hækkun frá rekstrarreikningi 2014. Gert er ráð fyrir tekjuhækkun af námskeiðum, lækkun á námsleiðum FA en á móti hækkun vegna raunfærnimats. Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á vinnulaunum og gjöldum, fyrirséð er að húsnæðiskostnaður mun hækka og ýmis annar kostnaður. Niðurstaða áætlunarinnar er u.þ.b. 1,5 milljóna tap á rekstri. Stjórn samþykkir áætlunina eins og hún liggur fyrir.

5. Erasmus+

Töluverð vinna hefur verið lögð í umsóknir um Erasmus styrki, tvær hafa þegar verið sendar, annars vegar um hófhirðu og hins vegar um vendikennslu, en í öðrum tveimur sem vinna hafði verið lögð í náðist ekki í samstarfsaðila í þetta skipti.

6. Kjaramál

Formaður og varaformaður funduðu með starfsfólki þann 18. febrúar sl. um kjaramál. Í framhaldinu barst stjórn bréf frá þremur starfsmönnum þar sem þeir óska eftir því að stjórn snúi sér til stéttarfélags þeirra varðandi athugasemdir eða breytingar á launakjörum. Stjórn FSS hafði áður leitað til stéttarfélagsins og fengið þau svör að félagið sinnti aðeins erindum frá félagsmönnum sínum. Í ljósi þessa samþykkir stjórn að óska eftir fundi með viðkomandi starfsmönnum til að ræða þessi mál nánar.

7. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl. 18.35.